

## Samþykktir fyrir Íslandssjóði hf.

### I. KAFLI - Heiti félagsins, heimilisfang og tilgangur

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess **Íslandssjóðir hf.**

2. gr.

Heimilisfang félagsins og varnarþing er að Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

3. gr.

Tilgangur félagsins er rekstur verðbréfasjóða, sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta og annarra sérhæfðra sjóða, samkvæmt lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Tilgangur félagsins er einnig eignastýring og önnur starfsemi sem fellur undir starfsleyfi félagsins samkvæmt framangreindum lögum, auk fjárfestinga og annarrar tengdrar starfsemi innan þess ramma sem lög leyfa.

### II. KAFLI - Um hlutafé

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 25.000.000 - krónur tuttuguogfimmilljónir 00/100. Hlutafé skiptist í 25.000.000 hluti hver að fjárhæð 1 kr. Heimilt er að sameina hluti í einu hlutabréfi.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Stjórn félagsins skal ákveða söluverð og greiðslukjör hinna nýju hluta. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

5. gr.

Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu. Hluthafar eru ekki skyldir að þola innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

#### 6. gr.

Engar hömlur ríkja að því er varðar sölu eða annað framsal hluta í félaginu. Hluthafar eiga þó forgangsrétt að nýjum hlutum í félaginu. Félaginu er óheimilt að kaupa eigin hluti nema að því marki sem lög leyfa. Félagið má ekki veita lán út á hluti sína.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu, hvort sem er fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna hlutaskrá félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hluti í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína í félaginu.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarétti að hlutum í félaginu. Á hverjum tíma skal senda arð, jöfnunarhluti, fundarboð og tilkynningar allar til þess aðila sem skráður er eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

### III. KAFLI

#### A. Hluthafafundur

#### 7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert.

Til hluthafafunda skal boðað með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan jafn sannanlegan hátt. Til aðalfundar skal boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara, en með lengst fjögurra vikna fyrirvara. Til annarra hluthafafunda skal boðað með minnst viku fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með viku fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef á honum mæta tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir fyrir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

#### 8. gr.

Hver hluthafi á rétt á að fá mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, enda geri hann skriflega kröfu um slíkt til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir upphaf fundar.

Í fundarboði skal greina málefni þau sem taka á til meðferðar á hluthafafundi og á hvaða tungumáli fundurinn mun fara fram, sem og tungumál fundargagna. Tveimur vikum fyrir aðalfund skal dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur lögð fram til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send þeim hluthöfum sem þess óska. Viku fyrir aðra hluthafafundi skal dagskrá og endanlegar tillögur lagðar fram og sendar hluthöfum sem þess óska.

## 9. gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri krónu hlutafjár.

## 10. gr.

Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

- Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
- Tekin skal ákvörðun um hvornig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
- Stjórn félagsins skal kjörin ásamt endurskoðendum.
- Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar skulu kjörnir.
- Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á nýju starfsári.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
- Önnur málefni sem löglega eru upp borin.

## B. Félagsstjórn

## 11. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fjórum mönnum og tveimur til fjórum til vara kjörnum á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Tveir stjórnarmenn rita firmað.

## 12. gr.

Stjórnin setur sér starfsreglur sem kveða nánar á um framkvæmd starfa hennar. Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formaður boðar til stjórnarfunda, stýrir þeim og undirbýr í samráði við framkvæmdastjóra. Stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna, þar með talið varamenn í forföllum aðalmanna, sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum eða öðrum lögmætum fyrirmælum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund og skulu þeir sem sitja stjórnarfund jafnan rita undir fundargerð. Hver sá, sem rétt á að sitja fund stjórnar, getur krafist þess að bókaðar séu athugasemdir hans og sérálit.

## 13. gr.

Stjórn félagsins hefur æðstu forstöðu þess, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykktum þessum.

Verkefni hennar eru meðal annars:

- Að hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins. Henni ber að hafa eftirlit með rekstri þess, sérstaklega bókhaldi og fjárreiðum, í samræmi við lög og samþykktir.
- Að staðfesta höfuðþætti í stjórnskipulagi félagsins.
- Að hafa með höndum ráðningu og starfslok framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans.
- Að gera tillögu til aðalfundar um starfskjarastefnu félagsins.
- Að taka stefnumarkandi og meiriháttar ákvarðanir er varða starfsemi félagsins.
- Að gera tillögu til aðalfundar um ráðstöfun tekjuafgangs samkvæmt ársreikningi félagsins.
- Að annast önnur þau verkefni sem ákveðin eru í lögum, þ.á m. að halda hlutaskrá.

### C. Framkvæmdastjórn

## 14. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Stjórn veitir jafnframt prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur í samræmi við lög, samþykktir þessar og ákvarðanir stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar. Hann sér um reikningshald, meðferð fjármuna og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber lögum samkvæmt.

Framkvæmdastjóra er óheimilt, nema að fengnu leyfi stjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í öðrum atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað.

### IV. KAFLI - Ársreikningur og endurskoðun

## 15. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningurinn skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal kjörinn á aðalfundi félagsins í samræmi við gildandi lög hverju sinni.

## 16. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða ákvæðum laga.

## 17. gr.

Tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara með sem breytingar á samþykktum félagsins. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild.

**V. KAFLI - Önnur ákvæði**

## 18. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um verðbréfasjóði, laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, laga um hlutafélög og ákvæðum annarra laga eftir því sem við á.

*Þannig samþykkt á hluthafafundi þann 8. apríl 2009.*

*Með breytingum samþykktum á hluthafafundi þann 1. apríl 2014.*

*Með breytingum samþykktum á hluthafafundi þann 13. apríl 2016.*

*Með breytingum samþykktum á hluthafafundi þann 21. apríl 2017.*

*Með breytingum samþykktum á hluthafafundi þann 16. apríl 2021.*

*Með breytingum samþykktum á hluthafafundi þann 1. apríl 2022.*